

Innköllun á Mexíkóskri súpu vegna vanmerktra ofnæmisvalda

Fyrirtækið Ora (Ísam ehf) vekur athygli á að Ora Mexíkósk súpa inniheldur ofnæmis- og óþolsvaldinn **sellerí** án þess að það komi fram á umbúðum. Ora innkallar nú vöruna í samráði við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Innköllunin á einungis við um eftirfarandi lotu:

Upplýsingar um vöruna

- Vörumerki: Ora
- Strikamerki: 5 690519 222502
- Vöruheiti: Mexíkósk súpa
- Framleiðandi: Ora (Ísam ehf)
- Lotunúmer/best fyrir dagsetning: B.F. 16.03.2024 – L31873
- Dreifing: Verslanir um land allt

Varan er skaðlaus þeim sem ekki eru með ofnæmi eða óþol fyrir innihaldsefnum hennar. Þeir neytendur sem eiga umrædda vöru og eru með ofnæmi eða óþol fyrir **sellerí** eru beðnir um að neyta hennar ekki, og farga eða skila henni í þá verslun þar sem hún var keypt. Nánari upplýsingar má fá hjá gæðastjóra Ora á gaedastjori@ora.is eða hjá ÍSAM s: 522-2700.

